

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flóahrepps nr. 542/2007.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar verður svo hljóðandi:
Sveitarstjórn Flóahrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. 15. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins, í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

4. gr.

49. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

5. gr.

51. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn kys fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:
- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
1. *Oddvitakjör.* Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).* Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum samtakanna.
 3. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.* Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum félagsins.
 4. *Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.* Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum SKS.
 5. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.* Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum HES.
 6. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.* Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum SOS.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer m.a. með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
 2. *Skipulagsnefnd og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa.* Einn aðalmaður og einn til vara. Fulltrúi er jafnframt í stjórn skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóa bs.
 3. *Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer jafnframt með málefni aldraðra og starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 4. *Jafnréttisnefnd.* Sveitarstjórn fer með málefni jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

5. *Atvinnu- og ferðamálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í markaðs-, atvinnu- og ferðamálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar.
6. *Umhverfisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og öðrum lögum.
7. *Samgöngunefnd*. Sveitarstjórn fer með samgöngumál m.a. ákvörðun um nýframkvæmdir og úrbætur í umferðar- og samgöngumálum. Sveitarstjórn er heimilt að fela fastanefndum hlutverk nefndarinnar.
8. *Húsnæðisnefnd*. Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Sveitarstjórn er heimilt að fela fastanefndum hlutverk nefndarinnar.
9. *Landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
10. *Rekstrarnefnd félagsheimila Flóahrepps*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
11. *Afréttamálafélag Flóa og Skeiða*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara, samkvæmt samþykkt afréttamálafélags.
12. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um héraðsnefnd.
13. *Almannavarnarnefnd Árnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008.
14. *Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Árnessýslu.
15. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
16. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 64. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

7. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 65. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. mars 2010.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.